

Stofnverndarsjóður úthlutanir:

2018

Háskólinn á Hólum 3.000.000,-

Knapamerkjabækur

2017

Tilraunastöð H.Í Keldum 500.000,- Heilraðgreining á erfðæfni

Sögusetur Íslenska hestsins 1.750.000,- (þar af 750.000,- bókaútg)

Worldfengur og Landsmót hestam. 4.000.000,- Myndefni

Bændasamtök Íslands 900.000,- Gagnabanki um hestaliti

Bændasamtök Íslands 2.000.000,- Þróun dómskerfis

2016

Háskólinn á Hólum 4.000.000,- Hreyfingarfræði ísl hestsins

Bændasamtök Ísl og Matís 2.000.000,- fjölgun erfðamarka í WF

Umsónkaraðila ekki getið 300.000,- áhrif líkamsstöðu á endurheimt...

Háskólinn á Hólum 4.200.000,- Knapamerkjabækur

Bændasamtök Íslands 1.400.000,- Gagnabanki um hestaliti

Sigríður Björnsdóttir 1.000.000,- virkni mismunandi méla og áhrif

Sigríður Björnsdóttir og Vilhjálmur Svansson 1.100.000,- Veiruskita í folöldum

2015

Freyja Imsland & Carl-Johan 1.500.000,- Rannsóknir á drómasýki

Bændasamtök Íslands Elsa Albertsd. 2.000.000,- Þróun kynbótamats

Háskólinn Hólum 1.500.000,- áhrif holdastigs á efnaskipti, þrek...

Háskólinn Hólum 6.000.000,- Knapamerkjabækur

Bændasamtök Íslands, Worldfengur 2.000.000,- Snjalltækjavæðing

Heiðrún Sigurðardóttir 150.000,- Könnun á mati á vilja og geðslagi.

Háskólinn Hólum / Guðrún Stefánsd. 1.000.000,- Þjálfunarlífeðlisfr.

Worldfengur 600.000,- Skeiðgen með DNA

## Fagráð í hrossarækt 84. fundur

Staður og stund: Bændahöllin v/Hagatorg, þriðjudaginn 29. ágúst 2018 kl. 11:00.

Mættir: Sveinn Steinarsson formaður, Erlendur Árnason, Ingunn Reynisdóttir, Hulda Gústafsdóttir, Gunnar Kristinn Eiríksson, Siguroddur Pétursson og Þorvaldur Kristjánsson. Sveinn Ragnarsson og Sylvía Sigurbjörnsdóttir komust ekki á fundinn.

### Dagskrá:

1. Fundarsetning.
2. Sýningarárið 2018
3. Afgreiðsla umsókna í Stofnverndarsjóð

1. Formaður fagráðs setur fundinn og býður fólk velkomið.
2. Þorvaldur fór yfir sýningarárið 2018. 15 sýningar voru haldnar víðs vegar um landið og alls voru felldir 1575 dómar sem er góður fjöldi en þó heldur færri dómar en á síðasta landsmótsári 2016 en þá voru dómarnir alls 1614. Stærsta sýningin var á seinni sýningarvikunni á Gaddstaðafötum í vor, vikunni 11. til 15. Júní, með 249 hrossum en sú minnsta á Stekkhólma með 17 hrossum. Vegna mikillar eftirspurnar á seinni sýningarvikuna á Gaddstaðafötum reyndist nauðsynlegt að hafa tvö dómaraengi að störfum þá vikuna. Landsmót var haldið á félagssvæði Fáks í Víðidal í ár og tókst afar vel. Miðað var við 170 kynbótahross á mótinu, 173 máttu koma vegna þess að í nokkrum tilfellum voru hross jöfn að stigum; alls voru 160 dæmd á mótinu en aðeins var um forföll. Þá hlutu tíu stóðhestar fyrstu verðlaun fyrir afkvæmi og fjórir hlutu heiðursverðlaun fyrir afkvæmi á mótinu.

Meðaltöl og dreifingu einkunna má sjá í meðfylgjandi töflum fyrir alla eiginleika sköpulags og hæfileika auk aðaleinkunnar fyrir árið 2018:

	Höfuð	Háls, herðar og bógar	Bak og lend	Samræmi	Fótagerð	Réttleiki	Hófar	Prúðleiki	Sköpulag
Meðaltal	7,80	8,15	8,13	8,10	8,00	7,54	7,94	7,72	8,00
Staðalfrávik	0,51	0,37	0,54	0,43	0,49	0,50	0,45	0,73	0,23
Lægsta gildi	6,5	7,5	6,5	7,0	6,5	6,5	6,5	6,0	7,35
Hæsta gildi	9,5	9,5	9,5	9,5	9,5	9,5	9,5	10,0	8,81

	Tölt	Brokk	Skeið	Stökk	Vilji og geðsl.	Fegurð í reið	Fet	Hægt tölt	Hægt stökk	Hæfileikar	Aðaleinkunn
Meðaltal	8,34	8,00	7,04	8,13	8,43	8,24	7,69	8,06	7,82	8,02	8,08
Staðalfrávik	0,49	0,59	1,43	0,48	0,44	0,45	0,72	0,49	0,57	0,38	0,27
Lægsta gildi	6,0	5,0	5,0	6,5	7,0	6,5	5,5	5,0	5,0	6,45	7,01
Hæsta gildi	10,0	9,5	10,0	9,5	10,0	9,5	10,0	9,5	10,0	9,11	8,95

Meðaltöl og breytileiki einkunna er á mjög svipuðu róli fyrir flesta eiginleika samanborið við síðastliðið ár en meðaltölin hafa verið að hækka á síðustu árum. Þó er meðaltal sköpulags heldur lægra en í fyrra, 8,00 samanborið við 8,12 í fyrra. Rétt rúmlega 25% sýndra hrossa voru klárhross í ár en það er afar svipað hlutfall og

undanfarin ár. Hlutfall klárhrossa á Landsmóti hefur á aftur á móti líklega aldrei verið hærra en 27% hrossa sem unnu sér þátttökurétt á mótinu voru klárhross; hæsta hlutfallið var í yngstu flokkunum, fjögurra vetra hryssum og stóðhestum. Meðalaldur sýndra hrossa í ár var 6.15 ár sem er heldur hærri meðalaldur en á fyrri landsmótárum. Þetta skýrist helst af fækkun í sýningum á fjögurra vetra hrossum en þau voru í ár 12% af sýndum hrossum.

Heilbrigðisskoðanir kynbótahrossa.

Heilbrigði kynbótahrossa var skoðað eins og undanfarin ár, bæði fyrir og eftir dóm. Allir áverkar sem hrossin hlutu í dómi voru stigaðir í þrjá flokka og átti þetta við bæði særindi í munni og ágrip á fótum. Fyrsta stigs athugasemdir teljast ekki vera eiginlegir áverkar en eru t.d. særindi í munni sem ná ekki í gegnum slímhúð eða strokur á fótum sem ná ekki í gegnum húð og eru án eymsla eða bólgu. Annars stigs athugasemdir eru áverkar, s.s. lítil sár í munni eða á ágrip á fótum sem ná þó ekki einum cm. Þriðja stigs athugasemdir eru alvarlegir áverkar og á þá lund að hrossið hlýtur ekki reiðdóm og getur ekki mætt til yfirlitssýningar. Skráð voru ágrip á fótum í 14.5% tilfella sem er svipað og var í fyrra en þá var tíðni ágripa 15%. Megnið af þessu athugasemdum eða 68% voru í flokki 1, tíðni eiginlegra áverka á fótum (flokkar 2 og 3) var því 4.5% þar sem áverkar af þriðja stigi voru 3 á árinu eða innan við 0.5%. Þá voru skráð særindi eða blóð í munni í 4% tilfella og var í nær öllum tilfellum um 1. stigs særindi að ræða. Það má því segja að staðan á þessum málum sé ásættanlega og hefur verið árleg minnkun í tíðni áverka almennt núna síðastliðin fimm ár. Þetta skýrist væntanlega fyrst og fremst af hestvænni sýningum og betri undirbúningi hrossa til dóms. Það er reynt að taka á grófri reiðmennsku á hverju ári og eru alltaf færri og færri sýningar sem teljast grófar eða óhestvænar en alls voru fjórir knapar sem hlutu áminningu fyrir grófa reiðmennsku á árinu.

Merkt var við eistnagalla hjá 11 stóðhestum á árinu, samanborið við 6 stóðhesta í fyrra (13 hestar árið 2017) og var þá um að snúninga á eistum að ræða (bæði eistun snúin: tveir hestar), of mikla smæð (TSW mál undir 8.0 cm: fimm hestar), misstór eistu (1 hestur) eða eineistni (þrjú hestar).

3. Til úthlutunar úr Stofnverndarsjóði að þessu sinni reyndust vera rúmlega 13 milljónir króna. Eftirfarandi umsóknir höfðu borist í sjóðinn og afgreiðsla þeirra var eftirfarandi:

Erfðarannsókn á litförótta litnum – uppeldi og ræktun með litföróttum stóðhesti – Kristinn Guðnason, Eiríkur Vilhelm Sigurðarson og Páll Imsland.

Sótt um: kr. 3.439.200,-

Hafnað.

Réttleiki og afleiðingar réttleikagalla á fótahélsu hrossa – Dr. Susanne Braun og Björgvin Þórisson.

Sótt um: kr. 9.000.000,-

Hafnað.

Þýðing og útgáfa Knapamerkjabóka 4 og 5 – Háskólinn á Hólum.

Sótt um: kr. 3.000.000,-

Samþykkt: kr. 3.000.000,-

4. Önnur mál

Undir þessum lið var rætt um leiðbeiningar í hrossarækt með tilliti til WorldFengs og hvernig væri hægt að auka leiðbeiningagildi hans. Á þetta við eiginleika sem snúa til dæmis að heilbrigði hrossa og frjósemi. Á þetta til dæmis þegar merkt er við eistnagalla eða spatt hjá stóðhestum en leiðbeiningin á að vera sú að þessir hestar séu ekki æskilegir til ræktunar. Einnig á þetta við þegar valparanaforritið er notað; að það komi þar aðvörun þegar verið er að velta fyrir sér að halda tveimur vindóttum hrossum saman svo dæmi sé tekið en það er ávísun á skerta sjón í afkvæminu. Fleiri atriði voru rædd sem þarf að taka til skoðunar á næstunni.

Fleira var ekki tekið fyrir.

Fundi slitið klukkan 14:30

Við pennann: Þorvaldur Kristjánsson

## Fagráð í hrossarækt 81. fundur

Staður og stund: Bændahöllin v/Hagatorg, miðvikudagurinn 13. desember 2017 kl. 11:00.

Mættir: Sveinn Steinarsson formaður, Sveinn Ragnarsson, Guðný Helga Björnsdóttir, Siguroddur Pétursson, Erlendur Árnason, Ingunn Reynisdóttir, Sylvía Sigurbjörnsdóttir og Þorvaldur Kristjánsson. Hulda Gústafsdóttir komst ekki á fundinn.

### *Dagskrá:*

1. Fundarsetning.
2. Afgreiðsla umsókna í Stofnverndarsjóð.
3. Val kynbótahrossa á Landsmót 2018.
4. Sýningaráætlun 2018 – drög.
5. Vinna við þróun ræktunarmarkmiðsins.
6. Önnur mál.

1. Formaður fagráðs setur fundinn og býður fólk velkomið.
2. Til úthlutunar úr Stofnverndarsjóði að þessu sinni reyndust vera rúmlega 10 milljónir króna. Guðný Helga vék af fundi þegar fjallað var um umsókn sem borist hafði frá Bændasamtökum Íslands og Sveinn Ragnarsson vék af fundi þegar fjallað var um umsóknir frá Sögusetri íslenska hestsins. Eftirfarandi umsóknir höfðu borist í sjóðinn og afgreiðsla þeirra var eftirfarandi:

Heilraðgreining á erfðaeftni EHV-3 veiruræktar úr íslensku hrossi. Umsækjandi: Vilhjálmur Svansson, dýralæknir/veirufræðingur Tilraunastöð H.Í. í meinafræði að Keldum.

**Sótt um: kr. 500.000,-.**

**Samþykkt: kr. 500.000,-.**

Erfðarannsókn á drómasýki í íslenska hestinum. Umsækjendur: Freyja Imsland Carl-Johan Rubin.

**Sótt um: kr. 1.000.000,-.**

**Hafnað.** Fagráð er sammála um að hér sé afar verðmætt verkefni á ferðinni og verðmætt að það verði unnið. Engu að síður verður fagráð að átta sig á heildarfjármögnun verkefnisins og framgangi þess til að halda áfram með frekari fjárstuðning.

Íslenski hesturinn – þjóðarhesturinn - efling og uppgangur við fullveldi. Umsækjandi: Sögusetur íslenska hestsins.

**Sótt um: kr. 1.000.000,-.**

**Samþykkt: kr. 1.000.000,-.**

Íslenski hesturinn – Þjóðarhesturinn - Útgáfa bókar um íslenska hrossarækt og hestamennsku. Umsækjandi: Sögusetur íslenska hestsins.

**Sótt um: kr. 750.000,-.**

Samþykkt var vilyrði fyrir styrk að því gefnu að verkefnið sé fjármagnað að öðru leyti.

Landsmóts myndefni - kaup og vinnsla á myndefni fyrri Landsmóta og vistun í WorldFeng. Umsækjendur: Landsmót ehf., Landssamband hestamannafélaga og WorldFengs verkefnið.

**Sótt um: kr. 4.000.000,-.**

**Samþykkt: kr. 4.000.000,-.**

Gagnabanki og upplýsingaveita um íslenska hrossaliti. Umsækjendur: Bændasamtök Íslands og Kristín Halldórsdóttir.

**Sótt um: kr. 900.000,-.**

**Samþykkt: kr. 900.000,-.**

Farið var yfir framvindu þeirra verkefna sem styrkt hafa verið af Stofnverndarsjóði undanfarin tvö ár eða frá því í janúar 2015. Heildarúthlutun styrkja á þessu tímabili er kr. 30.150.000,-. Um 85% af þessum styrkjum hafa farið í verkefni sem er nú þegar lokið eða eru í góðum farvegi og sést fyrir endann á. Um 15% af þessum styrkjum hafa farið í verkefni sem eru ekki hafin eða rétt að byrja og er fagråd upplýst um ástæður þess. Má því segja að í heildina sé framvinda styrktra verkefna á undanförunum tveimur árum góð.

### 3. Val kynbótahrossa á Landsmót hestamanna 2018.

Rætt var um val kynbótahrossa á Landsmót 2018. Það var niðurstaðan að halda áfram með það fyrirkomulag að ákveðin fjöldi efstu hrossa í hverjum flokki vinni sér þátttökurétt á mótinu. Á síðasta fundi fagráðs var kynnt yfirlit yfir það hvaða einkunnir hrossin þurftu til að vinna sér þátttökurétt á mótinu en einnig var þetta rætt á aðalfundi Félags hrossabænda í lok október. Á þeim grunni var ákveðið að bæta fimm hestum við þann fjölda sem var síðast á mótinu í flokkum fjögurra vetra og sjö vetra og eldri flokkum stóðhesta. Þótti þetta við hæfi þar sem afar háar einkunnir þurftu til að vinna sér þátttökurétt í þessum flokkum á síðasta móti. Þá var ákveðið að fækka fimm vetra hryssum um fimm, úr 35 hryssum í 30. Í heildina er því stefnt að 170 kynbótahrossum á LM 2018 og er það fjölgun um fimm hross miðað við síðasta mót. Fjöldann í hverjum flokki má sjá í meðfylgjandi töflu:

## Fagráð í hrossarækt 79. fundur

Staður og stund: Bændahöllin v/Hagatorg, fimmtudagurinn 22. júní 2017 kl. 13:00.

Mættir: Sveinn Steinarsson formaður, Hulda Gústafsdóttir, Sveinn Ragnarsson, Guðný Helga Björnsdóttir, Siguroddur Pétursson, Erlendur Árnason, Sylvía Sigurbjörnsdóttir, Ingunn Reynisdóttir og Þorvaldur Kristjánsson.

### *Dagskrá:*

1. Fundarsetning.
2. Reglur um ræktunarnöfn.
3. Umsóknir í Stofnverndarsjóð.
4. Önnur mál.

1. **Formaður setur fundinn** og býður fundarfólk velkomið. Fundargerð frá síðasta fundi fagráðs, þann 2. febrúar 2017, hafði verið samþykkt í gegnum tölvupóst.
2. Í reglum um ræktunarnöfn (sjá á heimasíðu rml.is: <https://www.rml.is/is/radgjof/hrossaraekt/raektunarnofn>) kemur fram að óheimilt sé að nota sem ræktunarnafn heiti á lögbýli. Þykir rétt að bæta við þessa málgrein að einnig sé óheimilt að nota sem ræktunarnafn heiti á landi sem er skráð í fasteignaskrá. Einnig er óheimilt að bæta við tölustaf eða for- og/eða viðskeyti við nafn á lögbýli eða landi sem þegar er skráð, s.s. Reykjavík 1, Stóra-Reykjavík eða Reykjavík-Minni. Það var rætt á fundinum hvort rétt sé að veita undanþágu frá þessari reglu að fengnu samþykki eiganda viðkomandi lögbýlis (eigi ekki við um þéttbýli).
3. Afgreiðsla umsókna úr Stofnverndarsjóði.

Til úthlutunar úr Stofnverndarsjóði að þessu sinni reyndust vera rúmlega 12 milljónir króna. Guðný Helga og Þorvaldur véku af fundi þegar fjallað var um umsókn sem borist hafði frá Bændasamtökum Íslands. Eftirfarandi umsóknir höfðu borist í sjóðinn og afgreiðsla þeirra var eftirfarandi:

a) Járningar og hófhirða. Járninganám á Íslandi, þróun námsskrár og ritun kennsluefnis. Umsóknaraðili: Fjölbrautarskóli Suðurland.  
Sótt um: 4.000.000,- kr

Hafnað. (Sveini Steinarssyni og Þorvaldi var engu að síður falið að hitta forsvarsmann verkefnisins að máli og ræða framtíð þess enda um verðmætt framtak að ræða).

b) Þróun ræktunarmarkmiðs og dómskerfis í íslenskri hrossarækt. Umsóknaraðili: Bændasamtök Íslands.  
Sótt um: 2.000.000,- kr.  
Samþykkt: 2.000.000,- kr.



Greinargerð: Það eru verðmæti í því að skeið hafi upphaf og endi. Að taka niður fremur en að renna í skeið er metið hærra í flestum keppnisgreinum íslenskrar hestamennsku heldur en renningur. Það er einning metið hærra í flestum keppnisgreinum íslenskrar hestamennsku ef hægt er niður í brokk eða tölt í lok spretts fremur en að enda á stökki.

Tillaga 10:

**Aðalfundur FHB haldinn í Harðarbóli 4. nóv. 2016 beinir því til fagráðs að skoðaðar verði leiðir með að öll kynbótahross komi fram á aðalvelli við verðlaunaafhendingu.**

Greinargerð: Mörgum ræktendum sem áttu kynbótahross á síðasta Landsmóti og voru ekki í verðlaunasæti þótti sinn hlutur vera rýr. Hvatinn til að mæta með hross neðar en 10 sæti sé enginn vegna skorts á almennilegri kynningu.

samþykkt samhljóða

Tillaga 11:

**Aðalfundur FHB haldinn í Harðarbóli 4.nóv 2016 samþykkir að beina því til Fagráðs í hrossarækt að finna leiðir til að rannsaka og bæta aðgengi að upplýsingum um frjósemi.**

Allar tillögurnar voru frá Hrossaræktarsamtökum Suðurlands og fagnar fagráð undirbúningi samtakanna en gróskumikið starf grasrótarinnar er ein af undirstöðum gagnlegrar umræðu í hrossarækt. Tillögur 1-9 eru í anda þess starfs sem kynnt hefur verið í kringum dómsskalann og þróun ræktunarmarkmiðsins. Þær verða teknar til umfjöllunar í því starfi og styrkja það starf. Tillaga 10 verður tekin til greina við skipulagningu dagskrár næsta landsmóts hestamanna en engu hægt að lofa í þeim efnum. Fagráð er sammála tillögu 11 en töluverð umræða átti sér stað í fagráði í tengslum við frjósemi stofnsins. Frekari rannsókna er þörf á þessu sviði. Vonandi munu nýjustu breytingar í skýrsluhaldi hrossaræktarinnar færa okkur betri upplýsingar um stöðu frjóseminnar í stofninum. Einnig var rætt um fyrirhugaðar breytingar í sæðingarreglugerðinni þar sem spattaðir stóðhestar og hestar með eistnagalla eru bannaðir. Þetta mun verða stefnumarkandi til framtíðar. Einnig er mikilvægt að halda á lofti gátlista til handa stóðhestahöldurum sem Félag hrossabænda tók saman á sínum tíma en afar misjafnt er hvernig staðið er að stóðhestahaldi með tilliti til fjölda hryssna hjá hverjum hesti og lengd gangmála.

5 Afgreiðsla umsókna úr Stofnverndarsjóði.

Til úthlutunar úr Stofnverndarsjóði að þessu sinni reyndust vera 11.976.000,- krónur. Sveinn Ragnarsson vék af fundi er umsóknir frá Hólaskóla voru til umfjöllunar og Guðný Helga og Þorvaldur fjölluðu ekki um umsóknir sem höfðu borist frá Bændasamtökum Íslands. Eftirfarandi umsóknir höfðu borist í sjóðinn og afgreiðsla þeirra var eftirfarandi:

- a) Hreyfingafræði íslenska hestsins: Ræktun, þjálfun, velferð. – Hólaskóli, Háskólinn á Hólum - Víkingur Gunnarsson. Sótt er um 4.000.000,- kr.  
Samþykkt: 4.000.000,- kr.

- b) Fjölgun erfðamarka í Worldfeng fyrir stóðhesta. Matís ohf. og Bændasamtök Íslands. Sótt er um 2.367.000,- kr.  
Samþykkt: 2.000.000,- kr.
  - c) Effect of body condition on metabolism, performance and recovery in Icelandic horses. Sótt um 600.000,- kr.  
Samþykkt: 300.000,- kr.
  - d) Þýðing og prentun á Knapamerkjabókum.Hólaskóli, Háskólinn á Hólum – Hlín M. Jóhannesdóttir. Sótt er um 4.200.000,- kr.  
Samþykkt: 4.200.000,- kr.
  - e) Gagnabanki og upplýsingaveita um íslenska hrossaliti. Kristín Halldórsdóttir og Bændasamtök Íslands. Sótt er um 1.600.000,- kr.  
Samþykkt: 1.400.000,- kr.
- 6 Endurskoðun á dómskalanum. Rætt var um vinnu sem er framundan við endurskoðun á dómskalanum og þróun ræktunarmarkmiðsins. Skipaður verði vinnuhópur sem fyrst á næsta ári sem skipaður verði kynbótadómurum, ræktendum og sýnendum til að fá sem breiðasta sýn á verkefnið. Þessi vinnuhópur verði kallaður saman til samráðs yfir tímabilið en Þorvaldi var falið að vinna verkáætlun og leggja fyrir á næsta fundi fagráðs.

Vignir Siggeirsson er nú að hætta störfum í fagráði en hann hefur verið fulltrúi Félags hrossabænda frá 2012. Vigni var sérstaklega þökkuð góð störf og gott samstarf á þessum tímamótum.

Fleira var ekki tekið fyrir.

Fundi slitið klukkan 15:00

Við pennann: Þorvaldur Kristjánsson

## Fagráð í hrossarækt 75. fundur

Staður og stund: Bændahöllin v/Hagatorg, miðvikudagurinn 24. ágúst 2016 kl. 09:30.

Mættir: Sveinn Steinarsson, Elvar Einarsson, Vignir Siggeirsson, Sveinn Ragnarsson, Hulda Gústafsdóttir og Þorvaldur Kristjánsson. Bjarni Páll Vilhjálmsson hafði tilkynnt fjarveru. Guðný Helga Björnsdóttir var í símasambandi.

### Dagskrá:

1. Afgreiðsla umsókna í Stofnverndarsjóð.
2. Skipulagning hrossaræktarráðstefnu í haust.
3. Gæðastýring í hrossarækt
4. Yfirferð yfir sýningarárið 2016
5. Kynningu á stöðu rannsókna á sumarexemi.

Formaður Fagráðs setur fundinn. Fundargerð frá fundi fagráðs þann 7. apríl 2016 var lögð fyrir til samþykktar og var það gert.

1. Afgreiðsla umsókna í Stofnverndarsjóð.  
Farið var yfir framvindu þeirra verkefna sem styrkt voru síðast. Sveinn Ragnarsson fór yfir framvindu þeirra verkefna sem Hólaskóli fékk styrk til að framkvæma. Fyrri verkefnið, *Ahrif holdastigs íslenskra hesta á efnaskipti, þrek, jafnvægi í hreyfingum og endurheimt*, er í góðum farvegi. Búið er að framkvæma verklega hlutann sem tókst vel, söfnun sýna lokið og greining hafin. Hvað varðar annað verkefnið, *Dýðing og prentun á Knapamerkjabókum*, þá hefur framkvæmdin á því seinkast en nú er það komið í ákveðin farveg, búið að setja upp vinnuplan fyrir næstu mánuði og ráða Helgu Thoroddsen í verkið. Verkefnið *Erfðarannsókn á drómasýki í íslenska hestinum* (Freyja Imsland og Carl-Johan Rubin) er komið í gang og sýnataka hafin. Þá er verkefnið *Þróun á kynbótamati íslenska hestsins* (Bændasamtök Íslands) einnig komið í gang en heildarniðurstaðna er að vænta í apríl á næsta ári eða heldur seinna er upprunalega áætlunin gerði ráð fyrir. Verkefninu *Könnun á mati á eiginleikanum vilji og geðslag í kynbótadómi í íslenskri hrossarækt* er lokið og birtist í meistararitgerð Heiðrúnar við SLU.

Eftirfarandi umsóknir höfðu borist í sjóðinn og afgreiðsla þeirra var eftirfarandi:

- a) Virkni mismunandi méla og líffræðileg áhrif þeirra á munn hesta – Sigríður Björnsdóttir og Torbjörn Lundström. Sótt er um kr. 1.000.000,-.  
Samþykkt kr. 1.000.000.

b) Rannsókn á veiruskitu í folöldum – Vilhjálmur Svansson og Sigríður Björnsdóttir.  
Sótt er um kr. 1.100.000,-.  
Samþykkt kr. 1.100.000.

2. Skipulagning á árlegri hrossaræktarráðstefnu í haust. Ráðstefnan verður haldin laugardaginn 5. nóvember eða sama dag og uppskeruhátíð hrossaræktarinnar. Ekki hefur verið ákveðið hvaða staðsetning verður fyrir valinu. Ráðstefnan var haldin í Spretti í fyrra og tókst vel en hugmyndin er að halda ráðstefnuna víðar á meðal hestamannafélaga á höfuðborgarsvæðinu. Sveini Steinarssyni og Þorvaldi var falið að finna hentuga staðsetningu. Einnig er hugmyndin er að halda hana með aðeins öðru sniði en verið hefur og í samstarfi við Sögusetur íslenska hestsins.
3. Gæðastýring í hrossarækt. Umræða fór fram um framtíð þessa verkefnis. Farið var yfir þróun í fjölda þeirra búa sem eru í gæðastýringunni í heild sinni og einnig fjölda þeirra búa sem eru einungis í landnýtingarþættinum. Þetta eru 12-14 bú sem hafa verið í gæðastýringunni í heild sinni og 39 bú sem voru á síðasta ári í landnýtingarþættinum. Það hefur verið stöðnun í fjölda búa og engin fjölgun átt sér stað á undanförunum árum. Fagråd er sammála um að leggja kerfið niður í heild sinni frá og með næstu áramótum en halda áfram með landnýtingarþáttinn í breyttri mynd. Hugmyndin er í fyrsta lagi að einbeita sér að þeim búum og stöðum þar sem landnýtingu er ábótavant. Rætt var um hugsanlegt samstarf Landgræðslunnar og Matvælastofnunar (Mast), þar sem starfsfólk Mast getur komið ábendingum til Landgræðslunnar um bú sem þarfnast leiðbeininga og ráðgjafar. Einnig var rætt um hugsanlegt námskeiðahald í samstarfi Landgræðslunnar, Félags hrossabænda og Ráðgjafamiðstöðvar landbúnaðarins á þessu sviði.
4. Sýningarárið 2016. Þorvaldur fór yfir helstu þætti er varða sýningarárið 2016 og búið var að taka saman fyrir fund.

Alls voru kveðnir upp 1618 dómar og þar af 1414 fullnaðardómar. Fjöldi hrossa sem mætti til dóms voru 1197. Meðalaldur sýndra hrossa var 5,9 ár. Fjöldi dóma (fullnaðardómar + sköpulagsdómar) í hverjum aldur- og kynflokki var eftirfarandi (fjöldi fullnaðardóma innan sviga) :

4 vetra: 199 (141) Hestar: 100 (63) Hryssur: 99 (78)

5 vetra: 320 (284) Hestar: 118 (100) Hryssur: 202 (184)

6 vetra: 300 (275) Hestar: 83 (78) Hryssur: 217 (197)

7 vetra og eldri: 378 (348) Hestar: 84 (74) Hryssur: 294 (274)

Alls voru haldnar 16 kynbótasýningar á árinu, Landsmót á Hólum meðtalið, sú minnsta var á lðavöllum á Fljótsdalshéraði með 16 hrossum og sú stærsta var Vorsýning á Hólum með 175 hrossum. Ef báðar vikurnar í Spretti eru lagðar saman þá voru sýnd þar 265 hross og 222 hross samanlagt á báðum vikunum í vor á Gaddstaðaflötum.

## 5. Afgreiðsla umsókna í Stofnverndarsjóð:

Til úthlutunar úr stofnverndarsjóði að þessu sinni reyndust vera 13.300.000,- krónur. Sveinn Ragnarsson vék af fundi undir þessum lið og Guðný Helga og Þorvaldur fjölluðu ekki um umsóknir sem höfðu borist frá Bændasamtökum Íslands. Eftirfarandi umsóknir höfðu borist í sjóðinn og afgreiðsla þeirra var eftirfarandi:

- a) Erfðarannsókn á drómasýki í íslenska hestinum – Freyja Imsland og Carl-Johan Rubin. Sótt er um kr. 1.500.000,-.  
Samþykkt kr. 1.500.000.
- b) Þróun á kynbótamati íslenska hestsins. Bændasamtök Íslands – Elsa Albertsdóttir. Sótt er um kr. 2.000.000,-.  
Samþykkt kr. 2.000.000.
- c) Áhrif holdastigs íslenskra hesta á efnaskipti, þrek, jafnvægi í hreyfingum og endurheimt. Háskólinn á Hólum – Víkingur Gunnarsson. Sótt er um kr. 1.500.000,-.  
Samþykkt kr. 1.500.000,-.
- d) Þýðing og prentun á Knapamerkjabókum. Háskólinn á Hólum – Hlín M. Jóhannesdóttir. Sótt er um kr. 6.800.000,-.  
Samþykkt kr. 6.000.000,-.
- e) WorldFengur – Snjalltækjavæðing á worldfengur.com. Bændasamtök Íslands – Þorberg Þ. Þorbergsson. Sótt er um kr. 2.000.000,-.  
Samþykkt kr. 2.000.000,-.
- f) Líffræðileg virkni mismunandi méla og beislisbúnaðar á munn hesta. Sigríður Björnsdóttir. Sótt er um kr. 1.200.000,-.  
Hafnað.
- g) Effects of body condition on metabolism, performance and recovery in Icelandic horses. Charlotta Liedberg, Einar Ásgeirsson og Tanja Rún Jóhannsdóttir. Sótt er um kr. 2.000.000,-.  
Hafnað.
- h) Könnun á mati á eiginleikanum vilji og geðslag í kynbótadómi í íslenskri hrossarækt. Heiðrún Sigurðardóttir. Sótt er um kr. 700.000,-.  
Samþykkt kr. 150.000,-.

## 6. Tillögur frá aðalfundi Félags hrossabænda.

Aðalfundur Félags hrossabænda var haldinn 6. nóvember. Að venju kom þar margt til umræðu, nokkrar tillögur voru samþykktar sem snerta ræktunarstarfið og hafa þær borist til fagraðs.

- 1) Aðalfundur Félags hrossabænda haldinn á Hótel Sögu 6.nóv. 2015 samþykkir að vinna að því að einkunnir úr fordómi verið sýnilegar í WF í þeim tilfellum sem hækkanir hafa átt sér stað í yfirlitssýningu.

## Fagráð í hrossarækt 70. fundur

Staður og stund: Bændahöllin v/Hagatorg föstudagur 9. janúar 2015 kl. 11:00.

Mættir: Sveinn Steinarsson, Guðný Helga Björnsdóttir, Elvar Einarsson, Hulda Gústafsdóttir, Gunnfríður Elín Hreiðarsdóttir, Baldvin Ari Guðlaugsson og Þorvaldur Kristjánsson. Vignir Siggeirsson hafði tilkynnt fjarveru.

### *Dagskrá:*

1. Fundarsetning
2. Afgreiðsla umsókna í Stofnverndarsjóð
3. Drög að sýningaráætlun ársins 2015 kynnt
4. Tillögur frá aðalfundi Félags hrossabænda
5. DNA greiningar hryssna sem mæta til dóms
6. Gjaldtaka af hverju útfluttu hrossi - gjald sem rennur í Stofnverndarsjóð
7. Námskeið fyrir nýja dómara - kröfur til menntunar
8. Önnur mál

Formaður Fagráðs setur fundinn.

### 1. Stofnverndarsjóður

Til úthlutunar úr stofnverndarsjóði að þessu sinni reyndust vera 1.600.000,- krónur. Eftirfarandi umsóknir höfðu borist í sjóðinn og afgreiðsla þeirra var eftirfarandi:

- a) Þjálfunarlífeðlisfræðirannsóknir á íslenska hestinum – Háskólinn á Hólum - Guðrún Stefánsdóttir – Sótt er um kr. 5.000.000,-  
Samþykkt 1.000.000,-
- b) Þýðing og prentun á Knapamerkjabókum – Háskólinn á Hólum – Hlín M. Jóhannesdóttir – Sótt um 6.370.000,-  
Hafnað.
- c) Tíðni og orsakir folaldadauða á Íslandi – Sigríður Björnsdóttir – Sótt um 1.500.000,-  
Hafnað.
- d) Mæling á Gammaherpesveirumótefnum í blóði folalda frá köstun til tveggja vetra aldurs – Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum – Vilhjálmur Svansson – Sótt um 500.000,-  
Hafnað.
- e) Virkni mismunandi méla í munnri hestsins – Sigríður Björnsdóttir – Sótt um 900.000,-  
Hafnað.

- f) Worldfengur – Skeiðgen með DNA, framþróun við DNA verkefni – Sótt um 2.000.000,-  
Samþykkt. 600.000,-
- g) Worldfengur – Skráningarkerfi fyrir kynbótasýningar – Sótt um 1.500.000,-  
Hafnað.
- h) Worldfengur – Skráning á línulegum dómum unghrossa – Sótt um 1.200.000,-  
Hafnað.

Umræða skapaðist á fundinum um verkefnin og að verðmætt hefði verið að geta styrkt fleiri verkefni að þessu sinni. Það var ekki hægt vegna þess litla fjármagns sem var til úthlutunar. Í framhaldi af þessu var rætt um úthlutunarreglur úr Stofnverndarsjóði sem þarf að fara yfir á árinu og kanna möguleika á því að úthluta myndarlegar úr sjóðnum á hverju ári. Á aðalfundi Félags hrossabænda árið 2013 hafði komið upp umræða um hvort ástæða væri til að leggja til þá breytingu á reglugerð um Stofnverndarsjóðinn að hægt væri tímabundið að úthluta einhverju af höfuðstól til sérstakra verkefna. Þá var það almenn skoðun fagráðsmanna að einboðið væri að gjald það sem tekið er af hverju útfluttu hrossi sem er nú 1.500,- krónur og rennur í Stofnverndarsjóð mætti hækka. Í þeirri umræðu kom fram að aðalfundur Félags hrossabænda hefði fyrir nokkrum árum samþykkt að leggja til að gjald þetta hækkaði í 3.000,- krónur. En það hefur ekki náð fram að ganga.

## 2. Sýningaráætlun

Farið var yfir drög að sýningaráætlun ársins. Sýningaráætlun verður birt innan skamms þegar búið verður að hafa samband við alla hlutaðeigandi en unnið er að henni innan RML. Í ár verður Fjórðungsmót á Austurlandi og einnig verða Heimsleikar, að þessu sinni í Herning í Danmörku.

## 3. Aðalfundur Félags hrossabænda 2014.

Aðalfundur Félags hrossabænda var haldinn 7. nóvember á Hótel Sögu. Eftirfarandi tillögur sem samþykktar voru á fundinum hafði stjórn félagsins sent til fagráðs til umfjöllunar og afgreiðslu:

- a) Aðalfundur FHB haldinn á Hótel Sögu 7. nóvember 2014 krefst þess að staða ábyrgðarmanns hrossaræktarsviðs (hrossaræktarráðunautur) verði fest í sessi og til hennar ráðinn einstaklingur sem sérþekkingu á hrossarækt.

Greinargerð: Afar mikilvægt er að þessi staða sé tryggð í sessi og til hennar veljist einstaklingur sem er leiðtogi þeirra sem starfa við dómstörf, sem og geti verið í forystu hlutverki er varðar ræktun íslenska hestsins á heimsvísu.

Nú hefur verið ráðið í þessa stöðu.

Stofnverndarsjóður til framtíðar  
– markmið og mikilvægi.

Stofnverndarsjóður íslenska hestakynsins er öllu rannsóknarstarfi og þróunarverkefnum í hrossarækt afar mikilvægur. Það er ekki um auðugan garð að gresja er kemur að fjármagni í hrossarækt, það er því mikilvægt að sjóðurinn geti starfað áfram og hafi fjármagn til að styrkja verkefni svo um það muni. Sjóðurinn starfar samkvæmt reglugerð nr. 1123/2015. Verkefni sjóðsins eru að veita styrki til þróunar- og rannsóknaverkefna í hrossarækt sem skulu stuðla að viðhaldi verðmætra eiginleika í íslenska hrossastofninum, verndun erfðafjölbreytileika stofnsins og/eða auka þekkingu á stofninum og útbreiðslu hans.

Allt rannsóknarstarf er íslenskri hrossarækt afar mikilvægt, ekki einungis til að styrkja hrossaræktina sem slíka; t.d. í því augnamiði að auka á erfðaframfarir, bæta mat á kynbótagripum og kynbótagildi þeirra og bæta upplýsingarflæði til hrossaræktenda í gegnum WorldFeng (upprunaættbók íslenska hestsins), heldur einnig styðja rannsóknir á hestinum og þekkingaröflun við allt markaðsstarf í hrossarækt. Stofnverndarsjóður hefur verið þessu starfi öllu afar mikilvægur og ef skoðað er hvaða verkefni sjóðurinn hefur styrkt á undanförunum árum sést það vel og hafa þau verkefni sannarlega fallið undir markmið sjóðsins.

Sem dæmi um verkefni sem sjóðurinn hefur styrkt á undanförunum árum eru rannsóknarverkefni nemenda í doktors- og meistaranámi. Hvað doktorsverkefni varðar má nefna verkefni frá Landbúnaðarháskóla Íslands um þróun kynbótamats fyrir íslenska hestinn og tengsl byggingar og hæfileika hans. Einnig var doktorsverkefni styrkt sem var unnið við Hólaskóla og Landbúnaðarháskóla í Svíþjóð (SLU) sem snéri að þjálfunarlífeðlisfræði íslenska hestsins.

Þá hefur WorldFengur verið styrktur á undanförunum árum og þróun hans en WorldFengur er gagnabanki um íslenska hestinn sem er einstakur á heimsvísu enda heldur hann utan um ættir, dóma og mikilvægar upplýsingar um íslenska hestinn hvar sem hann er staddur í heiminum. Stuðningur við WorldFeng styður því við ræktun íslenska hestsins á heimsvísu.

Þá má nefna dæmi um þýðingu Hólaskóla á Knapamerkjabókum. Knapamerkjabækurnar eru afar markvisst, skipulagt og faglegt námsefni um íslenska hestinn sem tekur á reiðmennsku, fóðrun og umhirðu hestsins. Það er því mikilvægt að koma þessu efni yfir á ensku þar sem það styður við aukna þekkingu almennings á hestinum og getur aukið á útbreiðslu hans, enda eftirspurn eftir þessu námsefni erlendis. Það er auk þess mikilvægt að Ísland sé leiðandi í útgáfu á kennsluefni um íslenska hestinn sem upprunaland hestsins og óvíst hvort þetta verkefni hefði orðið að veruleika nema með stuðningi Stofnverndarsjóðs.

Fyrir utan þessi verkefni hefur sjóðurinn styrkt fjölmörg verkefni sem hafa aukið við verðmæta þekkingu á hestinum, s.s. rannsóknir á efnaskiptum og sjúkdómum í íslenska hestinum en þar má nefna rannsóknir á spatti og drómasýki og rannsóknir á hreyfingafræði hestsins.

Af framansögðu má sjá að Stofnverndarsjóður hefur á undanförunum árum styrkt við mikilvæg verkefni í íslenskri hrossarækt. Það er því ósk Félags hrossabænda og Bændasamtaka Íslands að jákvætt verði tekið í fyrirbyggjandi beiðni um að hækka það gjald sem tekið er af hverju útfluttu hrossi og rennur í sjóðinn, enda eini tekjugrunnur hans.